

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 24. janúar 2017 kl 18.00, fundur haldin á Café Riis, Hólmavík. Mætt voru til fundar Pétur G. Markan, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson. Auk þeirra sátu fundinn starfsmenn FV þau Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri og Skúli Gautason, menningarfulltrúi. Framkvæmdastjóri kynnti að Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, tæki þátt í kaupstefnunni MidAtlantic í Reykjavík og því væri hún forfölluð en tæki þátt í hluta fundarins í síma.

Gengið til auglýstrar dagskrár sem hér segir:

1. Fundur með NASF og FV
2. Fundargerð stjórnarfundar 14. desember 2016
3. Skýrslur starfsmanna
4. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga
5. Svæðisáætlun Vestfjarða
6. Vestfjarðastofa staða mála
7. Landshlutasamtök sveitarfélaga
 - a. Fundur LHSS með stjórnmalaflokkum
 - b. Fundargerðir landshlutasamtaka
8. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða
Endurskoðun reglna um útborgun styrkja
 - b. Fundargerðir stýrihóps
 - c. Erindi til forsætisráðherra, v. Aðgerðaráætlunar fyrir Vestfirði
9. Tekjustofnar sveitarfélaga
10. Almenningsamgöngur
11. Hugmyndir að breyttri starfsemi BsVest
12. Starfshópur um stöðu sveitarstjórnarstígsins
13. Skipan skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði
14. Umsagnir
15. Önnur mál

1. Fundur með NASF og FV

Mættir til fundar Orri Vigfússon frá NASF, Páll Á. Jónsson, veiðiréttareigandi og Gísli Sigurðsson, stjórnarmaður í Stangveiðifélagi Reykjavíkur.

Rædd voru eftirfarandi mál:

- Laxveiðihlunnindi – verðmæti og ímynd
- Hættur og röskun á lífríki
- Lög og reglugerðir
- Efnahagsþáttur

Auk gesta tóku til máls Pétur G. Markan, Jón Örn Pálsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Sigurður Hreinsson, Aðalsteinn Óskarsson og Lína Björg Tryggvadóttir.

Stjórn og fundargestir voru sammála um mikilvægi hreinskiptrar umræðu um þróun fiskeldis og áhrif þess á samfélag, efnahag og umhverfi.

Orri, Páll og Gísli viku af fundi.

2. Fundargerð stjórnarfundar 14. desember 2016

Fundargerð lögð fram og farið yfir efnisatriði hennar. *Fundargerð borin upp og samþykkt.*

3. Skýrslur starfsmanna

Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, kom inn til fundar í síma.

Formaður bauð Díönu velkomna til fundar og gaf henni orðið. Díana fór yfir stöðu verkefna Markaðsstofu frá síðasta fundi. Auk hefðbundinna starfa kynnti hún að Birna Jónasdóttir, hefði verið ráðin í tímabundna stöðu í verkefnið Kjarnaveitur og Vegvísi áfangastaða. Stjórn Íslandsstofu hefur síðan skipað Díönu í fagrað ferðapjónustu Íslandsstofu. Díana vék af fundi.

Formaður gaf Línu Björgu orðið. Lína fór yfir stöðu verkefna á sviði

Uppbyggingarsjóðs s.s. móttaka skýrslna og úrbætur á verkferlum, verkefni á sviði umhverfisvottunar m.a. fund framkvæmdaráðs 19. janúar s.l., verkefni á sviði almenningssamgangna þar sem m.a. var skilað greinargerð um árið 2016 og að lokum verkefni er lítur að undirbúningi þjónustukönnunar með Byggðastofnun.

Formaður gaf Skúla orðið. Skúli fór yfir umsóknarferil Uppbyggingarsjóðs en umsóknarfresti lauk 9. janúar s.l., um 100 gildar umsóknir bárust. Umsóknir voru á rafrænu formi og ætlun er að skil á skýrslum verði það einnig. Úthlutarnefnd kemur saman til fundar þann 1. og 2. febrúar n.k. til að fara yfir umsóknir og gera tillögu að úthlutun. Skúli kynnti drög að reglum um skil á skýrslum í langtímaverkefnum og óskaði eftir samþykki. *Tillagan samþykkt.*

Skúli fór yfir vinnu að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða, *Mótun menningarstefnu* og *Straumar* og hvernig nýta má niðurstöðu þessara verkefna til að efla samstarf með ferðapjónustunni.

Fundi frestað kl 21.30

Fundur hófst að nýju 8.30

4. Stefnuörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt á fundum með sveitarfélögum sem fram fóru frá október til janúar. Málaflokkum og yfirverkefnum hefur verið forgangsraðað og þau tímasett. Næsta skref er að setja inn undirverkefni og tímasetja þau. *Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdastjóra að setja stefnuna upp og gefa út á prenti.*

5. Svæðisáætlun Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt á forgangsróðun af fundum sveitarfélaga um svæðisáætlun og kynnti tillögu að niðurstöðu vinnunnar.

Viðfangsefni svæðisáætlunar verði; Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd. Unnið verði svæðisskipulag fremur en svæðisáætlun.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu um að boðað verði til málþings í mars n.k. þar sem tillaga að svæðisskipulagi verði sett fram og send sveitarfélögum til afgreiðslu í framhaldi af fundinum. *Tillagan samþykkt.*

6. Vestfjarðastofa staða mála

Framkvæmdastjóri kynnti að gert hafi verið hlé á verkefninu frá því í desember, en það verði nú tekið upp að nýju. Leggja þarf mat á verðmæti Atvest til að undirbúa tilboð í hlutafé félagsins. Formaður gerði tillögu. *Stjórn FV gefur framkvæmdastjóra heimild til að óska eftir hluthafafundi í Atvest þegar greinargerð liggur fyrir um mat á verðmæti félagsins.*

7. Landshlutasamtök sveitarfélaga

a. Fundur LHSS með stjórnsmálaflokkum

Lagðir fram til kynningar minnisþingar af fundi landshlutasamtaka með stjórnsmálaflokkum þann 19. janúar s.l.. Efni fundarins var sem hér segir;

1. Afstaða stjórnsmálaflokkanna til byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshluta og fjármögnun þessara verkefna til framtíðar ?
2. Hvað er grunnþjónusta á landsbyggðinni?
3. Fjárveitingar til grunnþjónustu á landsbyggðinni - Áhrif laga um ríkisfjármál og nýs verklags við gerð fjárlaga á fjárveitingar til grunnþjónustu, hlutverk þingsins við úthlutun fjárveitinga til verkefna samanborið við aukin áhrif ráðuneyta.

Framsögu höfðu fulltrúar landshlutasamtakanna og í framhaldi var tekin umræða. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundinn og fóru yfir efni hans.

b. Fundargerðir landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar fundargerð Eyþings nr 290 og fundargerð SSA frá 3. janúar.

8. Sóknaráætlun Vestfjarða.

a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Lagðar fram tillögur reglna um útborgun styrkja til fleiri en eins árs í senn. *Tillagan samþykkt*

b. Fundargerðir stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerðir stýrihóps nr 30. og 31. lagðar fram til kynningar

c. Erindi til forsætisráðherra, v. Aðgerðaráætlunar fyrir Vestfirði.

Framkvæmdastjóri lagði fram bréf dags. 23. janúar s.l. þar gerð er fyrirspurn til forsætisráðherra varðandi stöðu og framkvæmd Aðgerðaráætlunar fyrir Vestfirði.

9. Tekjustofnar sveitarfélaga

Formaður gerði að tillögu að tekið verði inn á vettvang FV, umræða um nýja tekjustofna sveitarfélaga. Lagði formaður til, að unnið verði minnisblað sem lagt verði fram á stjórnarfund 16. febrúar n.k. þar sem a.m.k. tvö mál verði tekin fyrir. Annars vegar gjaldtaka af fiskeldi og hinsvegar um hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Í framhaldinu verði teknar upp viðræður við stjórnvöld um málið. *Tillagan samþykkt.*

10. Almenningsamgöngur

Lagt fram minnisblað Páls Snævars Brynjarssonar, framkvæmdastjóra SSV dags 29. desember 2016 um aðild FV og SSNV að NVB ehf sem er í eigu SSV og stofnað í árslok 2012. Tilgangur félagsins er rekstur almenningsamganga fyrir hönd landshlutasamtaka. Í minnisblaðinu er gerð tillaga um að FV og SSNV gerist nú hluthafar í félaginu og félagið taki við skuldbindingum um rekstur almenningsamgangna í Norðvesturkjördæmi. Hlutfjárframlag FV nemi kr 500.000,- og myndi SSNV leggja sömu fjárhæð til félagsins. Samtals verði hlutfé í félaginu kr 1.500.000,- og því hver aðili með jafnan hlut.

Í minnisblaðinu er einnig tillaga um að gera upp uppsafnaðan umsjónarkostnað SSV fyrir árin 2014, 2015 og 2016, samtals kr 857.400,-.

Framkvæmdastjóri kynnti að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 sé gert ráð fyrir allt að kr 2.000.000,- til þátttöku í þessu verkefni.

Formaður gerði tillögu. Fjórðungssamband Vestfirðinga samþykkir að kaupa hlut í félagin NVB ehf og fela framkvæmdastjóra að sækja hluthafafund í félaginu og taka sæti í stjórn þess.

Tillagan samþykkt.

11. Hugmyndir að breyttri starfsemi BsVest

Formaður kynnti að Ísafjarðarbær er að leggja til tvær leiðir um breytingar á samstarfi aðildarsveitarfélaga innan BsVest;

- Að Ísafjarðarbær taki við rekstri byggðasamlagsins fyrir hönd sveitarfélaganna
- Að Ísafjarðarbær dragi sig út úr BsVest og óski eftir stofnun nýs þjónustusvæðis

Málið kemur til umræðu á fundi sveitarfélaganna nú síðar í dag á Hólmavík.

Lagt fram til kynningar minnisblað sem unnið er af R3 ráðgjöf fyrir BsVest. Í minnisblaðinu er lagt mat á tillögu um breytt fyrirkomulags starfs framkvæmdastjóra BsVest sem FV sinnir samkvæmt samþykktum BsVest, gegn fjárframlagi. Tillagan gerir ráð fyrir að starf verkefnastjóra BsVest verði breytt í stöðu framkvæmdastjóra

með hækkun starfshlutfalls samhliða sem FV dragi sig út úr verkefninu með breytingum á samþykktum BsVest.

12. Starfshópur um stöðu sveitarstjórnarstigsins

Lagt fram bréf dags 4. janúar 2017 frá verkefnisstjórn Innanríkisráðuneytis „Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga“. Markmið verkefnisins eru kynnt og óskað samstarfs um skipulag funda í landshlutunum. Framkvæmdastjóri kynnti að fulltrúar verkefnahóps hefðu þegið boð til að mæta á samráðsfund sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fundurinn verður haldinn nú síðar í dag, 25. janúar á Hólmavík.

13. Skipan skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 11. janúar s.l., þar sem óskað er á grunni 5. gr laga um framhaldsskóla nr 92/2008 tilnefninga FV á tveim aðalfulltrúum og tveim varafulltrúum í skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði til næstu 4 ára.

Formaður gerði tillögu um að tilnefna núverandi fulltrúa FV í skólanefndinni þau Karl Kristján Ágeirsson, Ísafirði og Sigríði Kristjánsdóttur, Ísafirði. Til vara verði tilnefnd Guðmunda Hreinsdóttir, Bolungarvík og Steinn Ingi Kjartansson, Súðavík Tillagan samþykkt.

14. Umsagnir

Lögð fram til staðfestingar umsögn FV um drög að Kerfisáætlun Landsnets 2012-2025, dags 4. janúar s.l.. Umsögnin hafði áður verði kynnt stjórn í tölvupósti. Umsögn staðfest.

15. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram, dagskrá fundar því tæmd og sleit formaður fund kl. 11.00.

Fundargerð ritar Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.